

Útdráttur: Staða sí- og endurmenntunar hjá starfsmönnum sveitarfélaga á Íslandi

Nemandi: Dagný Magnea Harðardóttir

Sérsvið: Mannauðsstjórnun

September 2008

Útdráttur

Í þessari rannsókn er leitað svara við því hver sé staða sí- og endurmenntunarmála hjá sveitarfélögum á Íslandi og hvort allir starfsmenn þeirra hafi sömu möguleika til sí- og endurmenntunar. Til að svara þessum spurningum voru tekin viðtöl við yfirmenn starfsmannamála hjá eftirtöldum sex sveitarfélögum: Akureyri, Sveitarfélaginu Árborg, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Reykjanesbæ. Jafnframt er rýndur sá hluti í starfsmanna- og símenntunarstefnu þeirra, er sem varðar þessi mál. Unnið var með fræðilegar heimildir um móttöku nýliða, greiningu á fræðsluþörf og mat á árangir fræðslu.

Helstu niðurstöður leiða í ljós að töluverður munur er á stöðu sí- og endurmenntunar í framangreindum sveitarfélögum, en það sem vekur ef til vill meiri athygli er, að ekki er um samræmda stefnu í sí- og endurmenntunarmálum að ræða milli stjórnenda innan sama sveitarfélags og þarf að ráða bót þar á.

Möguleikar starfsmanna til sí- og endurmenntunar eru ekki þeir sömu og eru það oftast stjórnendur og sérmenntaðir starfsmenn, sem hafa meiri möguleika umfram aðra starfsmenn. Einnig kemur berlega í ljós í þessari rannsókn að mat á árangri fræðslu er ábótavant, jafnvel í þeim sveitarfélögum sem virðast hafa komist lengst varðandi reglur um sí- og endurmenntun.